




Reykjavík, f. 1. sept. 1921. For.: Pétur Pálsson, bóndi í Hafnar-
dal í Nauteyrarhr., N-Ís., síðast á Ísafirði, f. 11. febr. 1886, d. 4.
maí 1966, og þriðja k.h. Sigríður Guðmundsdóttir, húsfreyja, f.
19. nóv. 1892, d. 21. maí 1937.

Nám: Stúdent frá M.A. 1965. Cand. odont. frá Háskóla Ís-
lands 1972. Framhaldsnám í munn- og kjálkaskurðlækningum í
Englandi 1972–76, M.Sc. frá University of London 1974. Fyrri
hluti „Fellowship“ við Royal College of Surgeons of Edinburgh
1974. — Tannlækningaleyfi 19. des. 1972. Sérfræðingsleyfi í
munn- og kjálkaskurðlækningum 4. maí 1987.

Störf: Aðstoðartannlæknir hjá Birgi Jóh. Jóhannssyni í Reykja-
vík frá febr. 1976 til sept. 1977. Í hlutastöðu sérfræðings í kjálkaskurðlækningum við
Borgarspítalann í Reykjavík frá júní 1976. Sérfræðingur við lýtalækningadeild Landspítal-
ans frá 1976. Stundakennari við tannlæknadeild Háskóla Íslands frá sept. 1976 til sept.
1981, lektor þar frá sept. 1981. Hefur rekið eigin tannlækningastofu, sérhæfða til munn- og
kjálkaskurðlækninga, í Reykjavík frá sept. 1977.

Félags- og trúnaðarstörf: Í ritnefnd Árbókar TFÍ 1976–77. Í kúrsusnefnd TFÍ 1976–
83, formaður 1978–83. Í aðalstjórn íþróttafélagsins Fylkis í Reykjavík 1980–83. Í stjórn
Félags sérmenntaðra tannlækna frá 1986, formaður frá 1988. Stofnfélagi Rótaryklúbbsins
Reykjavík Árbær 1990, forseti klúbbsins 1997–98. Fulltrúi TFÍ í sérfræðinefnd frá 1994.
Félagi í Karalakórnum Fóstbræðrum frá 1996. Gjaldkeri í stjórn TFÍ 2003–05.

Ritstörf: Cleft Lip and Palate in Iceland. An Epidemiological Study (M.Sc.-ritgerð),
University of London, 1974. — Greinar: Autotransplantation á tönnum, *Harðjagl*, 2:1979,
70–74; Odontogenic Keratocystur, s. rit, 1:1979; Verkjadeyfandi lyf í tannlækningum,
Tannlæknaðlið, 1:1987, 11–15; Sjaldgæf fyrirbæri „Case Reports“, s. rit, 1:1992, 30–31;
Um deýfinálar, s. rit, 1:1992, 18.

Maki: 27. jan. 1968, Sigrún Guðný Maren Pálsdóttir Briem, f. 8. apríl 1945, hjúkrun-
arpróf frá Hj.Í. 1967, stúdent frá M.H. 1981, skurðhjúkrunarfræðingur. For.: Páll Jakob
Kristinsson Briem, bankamaður, síðast útibússtjóri Búnaðarbanka Íslands í Mosfellsbæ,
búsettur í Reykjavík, f. 6. apríl 1912, d. 5. maí 2000, og k.h. Jónína Guðmunda Jóhanns-
dóttir Briem, húsfreyja, f. 27. nóv. 1917, d. 20. sept. 1993.

Synir þeirra: 1) Páll Viðar, f. 2. júní 1968, stúdent frá M.H., tölvunarfræðingur frá H.Í.
2) Ólafur Arnar, f. 1. ágúst 1974, stúdent frá V.Í., B.Sc., landafræðingur frá H.Í. 3) Arn-
ór, f. 25. ágúst 1982, hagfræðinemi við H.Í.

Skyldleiki/tengdir: Jón Ólafur Sigurjónsson (systursonur maka), Sigurjón H. Ólafsson
(svili).

Jón Birgir Baldursson f. 20. sept. 1946 í Reykjavík.

Faðir: Björn *Baldur* Jónsson, skriftvélameistari í Reykjavík, f. 24. des. 1913, d. 24. febr.
1995. For.: Jón Jónsson Skúlason, bóndi á Söndum í Miðfirði, Ytri-Torfustaðahr., V-



Hún., síðar verkamaður í Reykjavík, f. 2. febr. 1884, d. 28. nóv. 1965, og k.h. Salóme Jóhannesdóttir, húsfreyja, f. 27. ágúst 1886, d. 24. maí 1975.

Móðir: Herdís Steinsdóttir, húsfreyja í Reykjavík, f. 1. des. 1914. For.: Steinn Ásmundsson, bóndi á Spena í Miðfirði, Fremri-Torfustaðahr., V-Hún., f. 11. ágúst 1883, d. 24. mars 1968, og k.h. Valgerður Jónsdóttir, húsfreyja, f. 13. júlí 1884, d. 15. maí 1928.

Nám: Stúdent frá M.R. 1966. Cand. odont. frá Háskóla Íslands 1972. — Tannlækningaleyfi 12. sept. 1973.

Störf: Aðstoðartannlæknir hjá Herði Þórleifssyni og Ingva Jóni Einarssyni á Akureyri frá júní 1972 til ágúst 1974. Skólatannlæknir hjá Reykjavíkurborg frá sept. 1974 til maí 1978. Hefur rekið eigin tannlækningastofu í Reykjavík frá ágúst 1975.

Maki: 11. júní 1972, Þórunn Stefánsdóttir, f. 11. nóv. 1950, kennarapróf frá K.Í. 1971, kennari. For.: Stefán Jónsson, kennari við Bændaskólann á Hvanneyri, síðar bóndi á Kirkjubæ í Rangárvallahr., Rang., f. 2. jan. 1915, d. 7. okt. 1964, og k.h. Sesselja Jóhannsdóttir, húsfreyja, f. 18. okt. 1918, d. 16. maí 1974.

Börn þeirra: 1) Baldur Gísli, f. 26. sept. 1969, B.A. í sálfræði frá H.Í., M.A. í sálfræði frá Kaupmannahafnarháskóla, M.B.A. frá H.R. Maki: Kristín Bjargey Gunnarsdóttir, f. 6. febr. 1969, cand. oecon. frá H.Í., M.S.C. í viðskiptafræði frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. 2) Stefán, f. 2. nóv. 1972, kerfisfræðingur frá T.V.Í. Sambýliskona: Hanna Gréta Pálsdóttir, f. 7. jan. 1973, nemi í tækniteiknun við Iðnsk. Rvík. Slitu sambúð. 3) Nanna, f. 17. sept. 1974, stúdent frá V.Í., viðskiptafræðingur frá H.R. Sambýlismaður: Stefán Örn Magnússon, f. 30. nóv. 1971, flugvirki.

Jón Benediktsson f. 25. apríl 1893 á Grenjaðarstað í Aðaldælahr., S-Þing., d. 24. júlí 1936 í Ögri í Ögurhr., N-Ís. (á ferðalagi).



Faðir: Benedikt Kristjánsson, prestur og prófastur á Skinna- stað í Öxarfjarðarhr., N-Þing., á Helgastöðum í Reykdælahr. og á Grenjaðarstað í Aðaldælahr., S-Þing., síðast á Húsavík, f. 5. nóv. 1840, d. 26. jan. 1915. For.: Kristján Jónsson, bóndi á Snæringss- töðum í Svínadal og í Stóra-Dal í Svínavatnshr., A-Hún., f. um 1799, d. 28. maí 1866, og Sigurlaug Sæmundsdóttir, þá vinnu- kona á Snæringssstöðum, f. 29. maí 1810, d. 30. júlí 1901.

Móðir: Ólöf Ásta Þórarinsdóttir, húsfreyja á Grenjaðarstað í Aðaldælahr., S-Þing., f. 20. júní 1859, d. 23. ágúst 1929. (Ásta var seinni k. Benedikts.) For.: Þórarinn Magnússon, bóndi á Víkinga- vatni í Kelduneshr., N-Þing., f. 25. sept. 1831, d. 16. jan. 1900, og k.h. Valgerður Pálsdóttir, húsfreyja, f. 29. ágúst 1833, d. 20. ágúst 1919.